

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpurðun Vesturlands Fíflholt



Dags eftirlits	31.10.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Steinunn Karlsdóttir
Fyrirtæki	Sorpurðun Vesturlands	Eftirlitsmaður	Sverrir Aðalsteinn Jónsson
Heimili	Bjarnarbraut 8	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5306972829	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Hrefna B. Jónsdóttir	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Þorsteinn Eyþórsson	Staðsetning	349951,516 469714,37

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik var skráð í eftirlitinu er varðar skráningar á umfangi urðaðs úrgangs. Gerð var athugasemd við að engin árekstrarvörn væri á olútanki.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og minnt var á skráningar og skiladaga skv. því.

Magn úrgangs sem tekið hefur verið á móti á urðunarstaðnum hefur aukist um 15,1% í ár miðað við sama tíma á síðasta ári. Því er aukningin umtalsverð og vakin er athygli á því að ef þessi aukning heldur áfram þá fer urðunarstaðurinn fram úr heimildum starfsleyfis á næsta ári.

Rætt var um lagabreytingu á skráningum um meðhöndlun úrgangs en breytingin felur í sér að framvegis þarf rekstraraðili að sundurliða skráningar og gögn niður á atvinnugreinaflokkka og sveitarfélög. Rekstraraðili telur að töluverðar hindranir séu í vegi fyrir því að hægt sé sundurliða skráningar með þessum hætti en ætlar að leita upplýsinga um hvernig aðrir hafa gert slíkt.

Við móttöku úrgangs er fyrst og fremst notast við sjónrænt mat. Það er algengt að eitthvað sé í farminum sem ekki er hæft til urðunar en það efni hefur verið týnt frá. Úrgangshafar hafa ekki verið krafðir um gögn til að sannreyna að úrgangurinn uppfylli móttökuskilyrði en minnt er á að heimilt er að krefja úrgangshafa um slíkt ef þörf þykir.

Til þessa hefur rekstraraðili tekið við viðarkurli án endurgjalds vegna þess að það hefur verið nýtt sem þekjulag á urðunarhauginn. Rekstraraðili hefur nú tekið upp gjald fyrir kurlið.

Engin áætlun er til vegna þjálfunar starfsmanna en nýr starfsmaður hefur störf um áramót þegar eldri starfsmaður hættir. Stöðvarstjóri mun þjálfa nýjan starfsmann og kynna fyrir honum starfseminu og þá verkferla sem til eru. Stöðvarstjóri hefur leitast við að skrá niður verklag á urðunarstaðnum. Endurmenntun stöðvarstjóra hefur falist í því að fara á fundi og ráðstefnur um málefni urðunarstaða.

Í gr. 5.1 í starfsleyfi er kveðið á um að skrá eigi breytingar á umfangi urðaða úrgangsins (sig). Þeim skráningum hefur ekki verið skilað inn vegna ársins 2016 og þær voru ekki aðgengilegar eftirlitsaðila í eftirliti.

Gassöfnun á urðunarstaðnum er ekki hafin en Resource International ehf. hefur hannað hauggassöfnunarkerfi sem miðar að því að brenna gasið. Einnig hafa þeir unnið verkáætlun vegna vegna lagningar og gangsetningu gassöfnunarkerfisins. Verið er að skoða kosti kyndla, með tilliti til íslenskra aðstæðna, sem geta brennt því magni af gasi sem áætlað er að hægt sé að safna úr haugnum. Í skýrslu sem Resource International ehf. hefur gefið út vegna hauggassöfnunar í Fíflholtum kemur fram að gera þurfi breytingar á jarðvegsþekju til að þetta hauginn og takmarka þannig innstreymi súrefnis. Í eftirliti kom fram að jafnvel væri hagkvæmt að hækka urðunarhauginn til að hauggasmyndunin yrði meiri en minnt er á að slíkt þarf að skoðast með tilliti til deiliskipulags og mats á umhverfisáhrifum.

Setubeðið við urðunarrein fjögur sem stíflaðist fljótlega eftir að það var tekið í notkun hefur verið tekið upp og grófari kornastærð sett í beðið. Beðinu hefur ekki verið lokað að fullu og verður það þannig í einhvern tíma í viðbót eða meðan er verið að fylgjast með virkni hreinsivirkisins eftir breytingar. Breytingarnar hafa verið að koma ágætlega út en tekin voru sýni í haust og samsetning sigvatns skoðuð og þá sérstaklega súrefnisþörf. Skv. þeim niðurstöðum er einhver virkni í hreinsivirkinu en rekstraraðili bindur vonir við að virkni þess aukist með frekari notkun og aukinni bakteríumyndun í setubeðinu. Í brunnnum sem sigvatnið fer í áður en það er leitt í setubeðið er búið að koma fyrir yfirfallsrörum. Eftirlitsaðili gerir athugasemd við að yfirfallsrörið í síðasta brunninum fyrir setubeð virðist vera neðarlega í honum og að lítið þurfi að hækka í brunninum til að vatnið fari að flæða út um yfirfallsrörið. Þar sem ekki er búið að urða nema í lítinn hluta urðarreinarinnar á rignarvatn greiðaleið ofan í sigvatnskerfið og veldur það því að mikið vatn getur borist í hreinsivirkið. Hreinsivirkið þarf að vera útbúið til að taka við úrkomutoppum og að vatnið fari ekki bara að megninu til út í gegnum yfirfall heldur fari það í gegnum setubeðið. Setubeðið getur bara tekið við ákveðnu magni af vatni í einu og því þarf að stjórna því hvað fer inn í það. Eftirlitsaðili telur að það þurfi að vera leið til að geyma hluta af yfirfallsvatninu og sem yrði leitt inn í hreinsivirkið þegar úrkomutoppur væri liðinn hjá.

Farið var um urðarstaðinn og hann skoðaður. Staðurinn er nokkuð vel skipulagður en umtalsvert fok er á svæðinu. Rekstraraðili hefur leitast við með ýmsum leiðum að hindra fok en það getur verið vindasamt er í Fíflholtum og því getur það reynst erfitt. Aðstæður við hreinsivirkið og útfallið voru skoðaðar. Litur var á fráveituvatni sem rann í viðtaka en minni en við seinasta eftirlit. Olútankur sem er á svæðinu er ekki með árekstrarvörn né lekavörn, athugasemdum um þetta var komið á framfæri í eftirlit og hefur rekstraraðili gert úrbætur þar á.

Frávik frá

Gr. 5.1 í starfsleyfi

Lýsing á fráviki

Skrá skal breytingar á umfangi urðaðs úrgangs skv. gr. 5.1 í starfsleyfi. Slíkar skráningar hafa ekki borist rekstraraðila fyrir árið 2016.

ATHUGASEMDIR

Olútankur sem er á svæðinu er ekki með árekstrarvörn né lekavörn, athugasemdum um þetta var komið á framfæri í eftirlit og hefur rekstraraðili gert úrbætur þar á.

ANNAÐ

Viðstaddur eftirlitið var Stefán Gíslason frá UMÍS ehf. Environice.

Reykjavík, 07.12.2017

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Steinunn Karlsdóttir

Steinunn Karlsdóttir